

Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 758/2011, um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki, með síðari breytingum.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. reglugerðarinnar:

- a. Í stað "300.000.000 kr." í 1. mgr. kemur: 600.000.000 kr.
- b. Í stað "450.000.000 kr." í 2. mgr. kemur: 900.000.000 kr.
- c. Í stað "450.000.000 kr." í 3. mgr. kemur: 900.000.000 kr.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. málsl. 9. gr. reglugerðarinnar:

- a. Í stað orðanna "vefsvæði sínu" kemur: miðlægu vefsvæði um ríkisaðstoð.
- b. Í stað "60.000.000 kr." kemur: 500.000 evrur.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 16. gr. laga nr. 152/2009, um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki, og öðlast þegar gildi.

Fjármála- og efnahagsráðuneytinu, 9. apríl 2019.

F. h. r.

Helga Jónsdóttir.

Steinar Örn Steinarsson.

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.